



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. mars 2021.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, þskj. 771, 452. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður frumvarp þetta heils hugar og telur að með því að veita Fjölmenningssetri leiðbeiningar- og ráðgjafarhlutverk gagnvart sveitarfélögum vegna samræmdrar móttöku flóttafólks sé stigið mikilvægt skref í átt að tryggja jafnan stöðu flóttafólks, jafnt milli sveitarfélaga og hvað varðar annars vegar þá sem koma á eigin vegum og óska eftir alþjóðlegri vernd og kvótaflóttafólk hins vegar. Sama gildir og varðandi þá sem hingað koma vegna fjölskyldusameiningar við þá sem njóta alþjóðlegrar verndar hér á landi.

Fagnar MRSÍ því einnig að fulltrúa heilbrigðisráðuneytis skuli ætlað sæti í Innflytjendráði, enda verður vart tíundað mikilvægi þess að fólk á flótta sem gengið hefur í gegnum margs konar hremmingar eigi greiða leið að heilbrigðisþjónustu. Má þar og vísa til fatlaðs fólks í leit að alþjóðlegri vernd, í mörgum tilvikum skiptir skjótur viðbragðstími og gott aðgengi að nauðsynlegri þjónustu höfuðmáli.

Virðingarfyllt,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri